

## Aðalstjórn Völsungs

Dagsetning: 14.3.2024

Hlynur félagsheimili eldri borgara á Húsavík

kl. 18:00

Mætt: Gunnólfur Sveinsson, Lilja Friðriksdóttir, Jóna Björg Pálmadóttir, Ingvar Björn Guðlaugsson (fjarfundi) og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

### 1. Íþróttafólk Völsungs

Íþróttafólk Völsungs fer fram klukkan 20:00 í Hlyn.

Tilnefndir voru átta aðilar frá fjórum deildum innan félagsins. Þar að auki munu fjórir aðilar frá hvatningarverðlaun, en tilnefningar til þeirra komu frá tveimur deildum.

*Aðalstjórn fór yfir skipulag.*

### 2. Ársþing HSB

Ársþing HSB fór fram sunnudaginn 10. Mars síðastliðinn. Völsungur sendi 9 fulltrúa á þingið.

*Framkvæmdastjóri fór yfir ársþingið.*

### 3. Hugmynd að gull og silfur höfum úr röðum Völsungs

Fyrir aðalstjórn liggja hugmyndir að gull- og silfurmerkjar höfum úr röðum félagsins.

*Aðalstjórn samþykkir að útbúa lista sem unnið verður eftir.*

### 4. 97 ára afmæli Völsungs

Félagið verður 97 ára 12. apríl næstkomandi. Sögunefndin mun kynna fyrsta áfanga af ritun sögunnar.

*Stefnt verður á að halda viðburð í vallarhúsinu á afmælisdegi félagsins.*

### 5. Svæðisskrifstofur íþróttahreyfingarinnar

Til kynningar er samantekt yfir svæðisskrifstofur sem er verið að setja á koppinn af hálfu ÍSÍ.

*Framkvæmdastjóri fór yfir málið.*

### 6. Erindi frá píludeildinni til sveitarfélagsins

Erdindi frá píludeild Völsungs sem samþykkt var af aðalstjórn á milli funda. Erindið gerir ráð fyrir að sveitarfélagið leggji til efniskotnað við að standsetja húsakost félagsins. Píludeildin mun leggja vinnuframlag á móti.

*Aðalsjórn samþykkir erindið.*

### 7. Önnur mál

a. Heimasíða – spurning að setja hana bara í loftið

*Samþykkt að setja heimasíðuna í loftið á afmælisdegi félagsins.*

**Fundi slitið: 19:00**

